



## Fundargerð 31. júlí 2017

Fundur bráðabirgðastjórnar Sósíalistasflokks Íslands. Haldinn 31. júlí 2017 í húsnæði Bókasafns Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt voru Gunnar Smári Egilsson, Ásta Dís Guðjónsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Benjamín Júlían, og Viðar Þorsteinsson. Haukur Arnþórsson stjórnsýslufræðingur, félagsmaður í floknum, var gestur fundarins og viðstaddur allan fundinn.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1 · Málefnaþópar

Greint var frá vinnufundum sem Viðar, Gunnar Smári og Benjamín hafa átt um skipulag málefnavinnunnar, nánar tiltekið og sér í lagi skipulag Lotu 2 þar sem sérfræðingar munu ræða við hópa. Ákveðið var vegna óska frá einstökum sérfræðingum að hafa heilbrigðismál og lýðræðismál fyrri helgi en húsnæðis og sjóðamál á seinni helgi í Lotu 2.

Opnað var fyrir tillögur frá öllum stjórnarmönnum um 'reynslusérfræðinga', þ.e.a.s. fólk með beina lífað reynslu af málefnum. Rætt var um hvernig best væri að haga jafnvæginu milli reynslusérfræðinga og fagsérfræðinga. Rætt var um að reynslusérfræðingar ættu ekki einungis erindi við húsnæðis- og heilbrigðismálin heldur einnig lýðræðis- og samfélagssjóðamálin og samstaða var um að stuðla að því þeir kæmu fram í öllum hópum.

Sá möguleiki var ræddur að hafa einhverjar af lotunum staðsettar fyrir utan bæinn, líkt og stungið var upp á á fyrri stigum en fékk sú hugmynd á endanum ekki stuðning. Ákveðið var að allar loturnar verða í bænum. Gert er ráð fyrir að Lotu 2 fari fram í Sjálfsbjargarsalnum.

Þá var fjallað um framkvæmd slembivala. Gert er ráð fyrir að valið sjálft fari fram í vikunni, helst miðvikudag og eigi síðar en föstudag. Spyrja þarf slembivalin hvort þau séu með hreyfihömlun.

Viðar var áminntur um að setja saman Google eyðublað fyrir umsóknir um ferðastyrki.

Rætt var almennt um inntak og fyrirkomulag málefnavinnunnar.

## 2 · Vinna við félagaskrá

Greint var frá fundi sem haldinn var með Atla Frey Friðbjörnssyni forritara en verið er að setja upp hugbúnað sem getur brotið niður félagaskrána á einfaldan sjónrænan hátt. Rætt var um möguleika til að setja upp samstarfshópa félagsmanna á grundvelli búsetu.

## 3 · Fundir

Viðar gerði grein fyrir stöðu máls varðandi fund um starfsgetumat og samþykkt var að Ásta myndi leita eftir nánari upplýsingum frá Öryrkjabandalaginu um mögulega þátttöku sem og um almenna afstöðu þeirra til starfs í Velferðarráðuneytinu um starfsgetumat. Fundur verður ekki haldinn fyrr en eftir Verslunarmannahelgi og frestast frá því sem upphaflega var áætlað.

Viðar og Sólveig Anna gerðu stuttlega grein fyrir fundi um kjör láglaunastarfsfólks hjá Reykjavíkurborg, en hann er ennþá á hugmyndastigi.

Rætt var um fyrirlestur Richards Seymour sem haldinn verður 14. ágúst næstkomandi og byrjað er að kynna. Rætt var um að nýta fundinn til að ná til skoðanamótandi einstaklinga og hafa áhrif á umræðuna um Corbyn, helst með það í huga að leggja áherslu á velgengni hans í bresku þingkosningunum sem straumhvörf og upphaf nýrrar sósíalískrar bylgju í evrópskum stjórnmálum. Rætt var um möguleika á samstarfi við aðra aðila um fundinn, en niðurstaðan var sú að best færi á því að SÍ stæði að fundinum einvörðungu í eigin nafni. Rætt var um hvernig best væri að tímasetja fundinn og niðurstaðan var sú að hafa hann í hádeginu, m.a. til að auðvelda fjölmiðlum að fjalla um hann. Áréttað var mikilvægi þess að standa vel að kynningu og undirbúa vel jarðveg til að koma Richard Seymour í fjölmiðla.

## 4 · Mannauðsmál

Rætt var um að álag vegna margra verkefna væri nú orðið töluvert innan bráðabirgðastjórnar. Rætt var um að fá fleiri félagsmenn til að starfa með stjórn að afmörkuðum verkefnum, líkt og Ása Jóhanns gerði með félagsfundinn á Tin Can Factory og Atli Freyr gerir nú með félagaskrána. Samþykkt var að leita eftir slíku í framtíðinni og með yfirstandandi verkefni.

Fundi var slitið um 21:45.